

## LÖG

um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl.,  
með síðari breytingum.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 1. gr. tollskrárlaga:

- a) Tollur á vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum lækki í 40%:  
08.01.79, 08.03.00, 19.03.00, 19.05.00, 20.02.02, 20.03.00, 21.02.19, 21.07.05, 21.07.06,  
69.11.00, 69.12.00, 70.12.00, 73.38.11, 73.38.19, 76.15.10, 82.08.00, 82.09.01, 82.09.09,  
82.14.00, 85.12.54, 87.13.01, 87.13.09 og 98.15.00.
- b) Tollur á vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum falli niður:  
90.01.01, 90.03.00, 90.04.09 og 90.19.10.
- c) Tollskrárnúmer 70.13.00 ásamt skiptiliðum orðist svo:  
70.13 Borðbúnaður, húsbúnaður, snyrtiáhöld, hreinlætistöki og skrifstofuáhöld,  
skrautmunir o. þ. h. úr gleri (þó ekki vörur sem teljast til nr. 70.19):

	Tolltaxti %
-01 Borðbúnaður og búsaðhöld .....	40
-09 Annað .....	80

## 2. gr.

Lög þessi eru sett til að öðlast gildi frá og með 1. júlí 1983.

*Gjört í Reykjavík, 15. maí 1984.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Albert Guðmundsson.*

## LÖG

um breyting á lögum nr. 38/1978, um ónæmisaðgerðir.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Við lögina bætist ný gr. er verði 12. gr. og orðist svo:

Innflutningur og notkun á lifandi smitefnum (bakteríum, veirum, sveppum, sníkjudýrum og „lifandi“ ónæmiserfnum), sem valdið geta sjúkdómum eða sýkingu í mönnum, dýrum og fiskum, er óheimil.